

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Hlíðargerði 23, Reykjavík
Tími: 27. nóvember 2008, kl. 20 – 21.45
Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður
Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)
Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)
Forföll boðaði: **Frá Heiðarbraut:** Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)
Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);
Gestur fundarins: Magnús Jóhannesson (MJ), Króki

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda (umsj: ritari/EK).
- 2) Aðgerðaáætlun fyrir einstök verkefni sem falla undir áherslumál í starfi stjórnar starfsárið 2008-2009 sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundi. (umsj. HS)
- 3) Fjárhagsáætlun félagsins (umsj. KK)
- 4) Fréttir af stjórnarstörfum SR (umsj. HE)
- 5) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (umsj. HE)
- 6) Heimasíða félagsins (umsj. ERS)
- 7) Félagatalið – uppfærsla (umsj. EK)

*****Kaffihlé*****

- 8) Nýir leigusamningar. Fréttir af starfi vinnuhóps (umsj. MJ, GSÓ, HS)
- 9) Hugmynd að fræðslufundi/myndakvöldi í janúar 2009 (umsj. EK, SMK)
- 10) Önnur mál (Allir)

1 Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda

EK las fundargerðirnar sem voru undirritaðar af viðstöddum.

2 Aðgerðaáætlun fyrir einstök verkefni sem falla undir áherslumál í starfi stjórnar starfsárið 2008-2009 sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundi

HS fjallaði um hvernig ætti að framkvæma áætlunina. Þeir sem hafi umsjón með máli geri aðgerðalista og leggi fram á næsta fundi. HS reifaði liðinn „Nýir samningar” sem er frumkvæði okkar félags.

3 Fjárhagsáætlun félagsins

Frestað.

4 Fréttir af stjórnarstörfum SR

Frestað.

5 Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda
Frestað.

6. Heimasíða félagsins

ERS upplýsti að umferðarteljari á heimasíðunni væri ekki kominn í gagnið. Fundargerðir eru færðar inn á síðuna sem hefur ekki verið uppfærð að öðru leyti. ERS auglýsir eftir myndum til að setja inn á síðuna.

7. Félagatalið – uppfærsla

HS afhenti EK útprent af félagatali frá því í apríl sl. Yfirfara þarf skrána og bera saman við skrá gjaldkera og límmiðagrunn. Verði tilbúið um áramót.

8. Nýir leigusamningar. Fréttir af starfi vinnuhóps

Skrifleg tillaga liggur fyrir frá MJ og var farið yfir hana. MJ var ekki viðstaddur til að útskýra grundvöll tillögunnar. Nokkur atriði eru óljós og þarfnast skýringa. Endanleg tillaga stjórnarinnar verði yfirfarin af lögfræðingi áður en stjórnin sendir hana frá sér. Málinu vísað til næsta stjórnarfundar.

9. Hugmynd að fræðslufundi/myndkvöldi í janúar 2009

EK hefur haft samband við Gylfa Kristinsson, skrifstofustjóra í félags- og tryggingamálaráðuneyti, til þess að fá hann til þess að kynna nýju lögin um frístundabyggð og frístundahús á fræðslufundi í janúar. Gylfi mælti með Helga Áss Grétarssyni, sérfræðingi hjá lagastofnun Háskóla Íslands, til þess, en bauðst til að taka málið að sér ef Helgi gæti ekki sinnt því. EK mun hafa samband við Helga Áss vegna málsins.

10. Önnur mál. Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fundi slitið um kl. 21.45.

Fundargerðina ritaði Einar Kristjánsson ritari.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: